



Gunnarshúsi 31. október 2006

Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf., 56. mál.

Rithöfundasambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Ríkisútvarpið ohf.

Við sjáum ekki ástæðu til að taka afstöðu til sjálfs rekstrarformsins, að því tilskyldu að tryggilega sé frá því gengið að stofnunin og hið ómetanlega menningarefni sem hún varðveitir sé áfram í eigu þjóðarinnar.

Athugasemdir okkar lúta nú sem fyrr að skyldum Ríkisútvarpsins við íslenska menningu, einkum hve mikið skortir á að sjónvarpið sinni því hlutverki, samanber að enginn menningarþáttur skuli nú eiga fastan sess í dagskrá sjónvarpsins.

Þá þykir okkur full einmanalegt að útvarpsstjóri skuli vera einráður um dagskrána og hefðum gjarnan kosið að sjá loksins ópólitískt útvarpsráð honum til ráðgjafar, skipað fulltrúum listamanna, háskólanna og starfsmanna RÚV.

Líka viljum við koma á framfæri tilmælum um að upplýsingar um efni sem Ríkisútvarpið varðveitir verði gerðar aðgengilegar almenningi með líkum hætti og á bókasöfnum. Ennfremur að stofnunin stuðli að því að þessi sami almenningur geti nálgast efnið með einum eða öðrum hætti.

Að endingu áréttum við nauðsyn þess að Ríkisútvarpinu verði gert skylt og kleift að sinna sem viðtækustu menningarhlutverki - og veitt til þess fé sem dugi.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rithöfundasambands Íslands,

Pétur Gunnarsson, formaður.